

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 23. október 2019

Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum til einföldunar regluverks.

Með frumvarpinu áformar Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið m.a. að fella niður skilyrði um leyfisveitingar fyrir sölu notaðra ökutækja, ásamt því að fella úr gildi ákvæði 15. gr. 18. gr. og 19. gr. núgildandi laga um verslunaratvinnu nr. 28/1998.

Í 15. gr. núgildandi laga kemur fram sú skylda bifreiðasala að leysa störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða og gæta þess að viðskiptamenn hans njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningnum. Þá er einnig í ákvæðinu lögð sú skylda á bifreiðasala að vekja með áberandi hætti athygli á gjaldskrá fyrir sölubóknun, þar á meðal þegar um skipti á bifreiðum er að ræða.

Að mati Neytendasamtakanna er mikilvægt að traust ríki til bílasala þegar neytendur kaupa bifreiðar með aðstoð þeirra, eða þegar bifreiðar eru seldar. Gjarnan er talað um að bifreiðarkaup séu næst stærsta fjárfesting neytenda á eftir fasteignakaupum og því mikilvægt að tryggt sé að traust regluverk verndi neytendur til hins ýtrasta. Erfitt er að sjá rökstuðning fyrir því að fella niður ákvæði laganna sem stuðla að slíku trausti. Að mati samtakanna þá er núverandi skylda til bifreiðasala um að sækja námskeið til að öðlast löggildingu ekki svo íþyngjandi að það réttlæti að fella niður leyfisskyldu bifreiðasala.

Að mati Neytendasamtakanna væri mikilvægara að tryggja réttarvernd og traust neytenda á bílasöllum, ásamt því að tryggja aðhald bílasala, í stað þess að fella niður þær reglur sem nú eru til staðar.

Að öðru leyti þá taka Neytendasamtökin undir athugasemdir Bílgreinasambandsins og Félags íslenskra bifreiðaeigenda við drög að frumvarpi þessu.

Virðingarfyllst,



Breki Karlsson,
formaður Neytendasamtakanna